

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA

### FOSSA MARKAÐA HF.

#### 1. Inngangur

Fossar markaðir hf., kt. 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík („Fossar“), leggja ríka áherslu á að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Skýr persónuverndarstefna sem byggð er á heiðarleika og gagnsæi eykur virðingu og traust í garð félagsins, og er það markmið Fossa þegar kemur að persónuvernd.

Fossar ábyrgjast að vinna með persónuupplýsingar um viðskiptavini í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fossar leggja mikið upp úr því að tryggja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina, og er persónuverndarstefnu þessari ætlað að upplýsa þá um hvaða upplýsingum félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að þeim.

#### 2. Tilgangur vinnslu og lagagrundvöllur

Fossar vinna ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini sína, en með vinnslu er átt við hvers kyns meðhöndlun á borð við söfnun, skráningu, flokkun, varðveislu, notkun og fleira.

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga hjá Fossum er að þjónusta viðskiptavini félagsins og uppfylla þannig þann samning sem felst í viðskiptasambandi.

Persónuupplýsingar eru einnig unnar til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á félaginu í tengslum við starfsemi þess, svo sem vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti, ákvæða laga um verðbréfavíðskipti, ákvæða laga um fjármálafyrirtæki, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila.

Einnig kann vinnsla að byggja á samþykki viðkomandi aðila, t.d. varðandi móttöku á markaðsefni eða öðrum upplýsingum frá félaginu.

Þær persónuupplýsingar sem unnar eru teljast í flestum tilvikum til almennra persónuupplýsinga en viðkvæmar persónuupplýsingar eru þó unnar hvíli lagaskylda á félaginu að vinna slíka upplýsingar, t.d. upplýsingar um stéttarfélagsaðild starfsmanna félagsins.

Persónuupplýsingar eru eingöngu nýttar í skýrum og yfirlýstum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og óskyldum tilgangi án þess að viðkomandi aðili sé upplýstur um þennan nýja tilgang áður en sú vinnsla hefst, eftir því sem við á.

### 3. Flokkar hinna skráðu og tegundir persónuupplýsinga

Fossar vinna persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína, starfsmenn og verktaka og auk þess um tengiliðið hjá viðskiptavinum, birgjum, þjónustuaðilum og öðrum sem kunna að eiga í samskiptum við félagið.

Þær tegundir persónuupplýsinga sem Fossar vinna einkum með eru fjármálaupplýsingar sem og almennar lýðupplýsingar, líkt og nánar er greint frá hér fyrir neðan:

1. Tengiliðaupplýsingar og lýðupplýsingar (viðskiptavinir, starfsmenn, tengiliðir viðskiptavina): Nafn, kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang, símanúmer, skilríki sem sanna deili á viðkomandi, þ.e. vegabréf, ökuskírteini eða rafræn auðkenni og allar þær upplýsingar sem krafist er hverju sinni samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, t.d. upplýsingar frá fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.
2. Upplýsingar um viðskipti: Samningar og önnur skjöl sem viðskiptavinir undirrita eru geymd og kunna að innihalda tengiliða- og lýðupplýsingar en einnig fjárhagsupplýsingar. Upplýsingar um öll viðskipti sem Fossar hafa milligöngu um eru sömuleiðis geymdar. Slíkar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til að félagið geti sýnt fram að öll viðskipti sem framkvæmd eru séu í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Í því skyni eru öll símtöl sem innihalda fyrirmæli um framkvæmd viðskipta tekin upp.
3. Fjárhagsupplýsingar: Viðskiptavinir kunna að þurfa að upplýsa Fossa um fjárhagslega stöðu sína vegna lagaskyldu sem hvílir á fjármálafyrirtækjum í tengslum við verðbréfavíðskipti, m.a. vegna flokkunar á viðskiptavinum og vegna ráðstafana skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá kann einnig að vera óskað eftir gögnum frá fjárhagsupplýsingastofu til að kanna lánstraust og vanskilasögu.
4. Upplýsingar um starfsmenn: Fossar vinna þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að félagið geti uppfyllt skyldur sína gagnvart starfsmönnum sínum og lagaskyldu sem kann að hvíla á félaginu vegna starfsmanna. Þær upplýsingar eru tengiliðaupplýsingar, launaflokkur, tímaskráningar, skattþrep, stéttarfélagsaðild, bankaupplýsingar, lífeyrissjóðsupplýsingar og skuldir við innheimtumann ríkissjóðs. Þá eru einnig unnar ítarlegri upplýsingar um lykilstarfsmenn skv. lögum um fjármálafyrirtæki sem skyldar Fossa til að kanna hæfi þeirra sérstaklega. Þá er netnotkun og tölvupóstur starfsmanna vaktaður með rafrænum hætti til að tryggja öryggi.
5. Ýmsar upplýsingar: Aðrar upplýsingar eru unnar um viðskiptavinum félagsins s.s. um samþykki fyrir því að haft sé samband við þá með og þá með hvaða hætti, auðkenni notenda í kerfi félagsins og skrá yfir aðgerðir sem þar eru framkvæmdar.

### 4. Varðveislutími persónuupplýsinga

Upplýsingar eru varðveittar líkt og lagaskylda kveður á um, og ekki lengur en nauðsyn krefur, nema lögmætir hagsmunir félagsins réttlæti það, s.s. vegna viðskiptalegra hagsmuna t.d. til að setja fram eða verja kröfur. Eftir þann tíma er gögnunum eytt, eða þau gerð ópersónugreinanleg. Hversu lengi



persónuupplýsingar eru varðveittar fer því eftir tegund þeirra og eðli, en upplýsingar sem varða verðbréfavíðskipti viðskiptavina og aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru aldrei varðveittar skemur en 5 ára vegna lagaskyldu.

## 5. Miðlun til þriðja aðila

Fossar kunna að nýta sér þjónustu þriðju aðila við vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavina eða starfsmenn. Fossar afhenda þriðja aðila einungis þær persónuupplýsingar sem þykja nauðsynlegar til að ná tilgangi með starfsemi félagsins, og er þá gerður vinnslusamningur við þann aðila eftir því sem við á. Í slíkum samningi eru sett skilyrði um meðferð og öryggi gagna, og er þriðji aðili einnig bundinn trúnaði.

Fossar afhenda að öðru leyti ekki persónuupplýsingar nema að félaginu sé það skylt samkvæmt lögum, s.s. til eftirlitsaðila, eða með dómsúrskurði.

Persónuupplýsingum er ekki miðlað til landa utan EES-svæðisins nema að það sé nauðsynlegt til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.

## 6. Öryggi persónuupplýsinga

Fossar telja brýnt að vernda öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina sinna. Fossar leitast eftir því að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til verndar persónuupplýsinga, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi, sem og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Dæmi um öryggisráðstafanir sem Fossar grípa til eru aðgangsstýringar í kerfum félagsins og aðskildum vefþjónum þar sem við á. Innskráningarupplýsingar á fjárfestavef eru dulkóðaðar, sem og aðrar upplýsingar eftir því sem við á. Fossar meta jafnframt þá hættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga með áhættumati, ef upplýsingarnar eru þess eðlis að þörf er á.

## 7. Réttindi einstaklinga

Einstaklingur á rétt á því að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar Fossar vinnur um hann og afrit af þeim gögnum.

Einstaklingur getur einnig átt rétt á að persónuupplýsingum um hann sé eytt, þær leiðréttar og vinnsla þeirra takmörkuð, og til að andmæla vinnslu.

Þá getur einstaklingur átt rétt á því að gögn um hann séu flutt til annars ábyrgðaraðila á tölvulesanlegu formi. Rétt er að benda á að þessi réttindi eru takmörkuð og eiga ekki við allar persónuupplýsingar eða í öllum tilvikum.

Einstaklingur á rétt að kvarta til Persónuverndar telji hann að vinnsla Fossa á persónuupplýsingum sé ekki í samræmi við lög. Kvörtunum skal þá beint á netfangið [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is).

Óskir þú eftir því að nýta þér einhver af réttindum þínum eða hafir þú athugasemdir við meðhöndlun persónuupplýsinga getur þú haft samband við okkur með tölvupósti á [info@fossar.is](mailto:info@fossar.is). Beiðnum verður svarað innan 30 daga og er það einstaklingum að kostnaðarlausu að nýta sér réttindi sín. Þó áskilja Fossar sér rétt til að innheimta gjald sé farið fram á fleiri en eitt afrit af persónuupplýsingunum og neita að verða við beiðnum sem eru augljóslega tilefnislausar eða óhóflegar.

## 8. Endurskoðun

Fossar geta breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar í viðeigandi lögum eða reglugerðum, eða vegna breytinga á vinnslu félagsins með persónuupplýsingar. Taka þær breytingar gildi eftir birtingu á heimasíðu félagsins, <http://www.fossarmarkets.com/is>

## 9. Spurningar

Ef spurningar vakna varðandi persónustefnu þessa er hægt að hafa samband við Fossa í síma 522-4000 eða senda fyrirspurn á netfangið [info@fossar.is](mailto:info@fossar.is).

Upphaflega samþykkt 27. júní 2018

Þannig breytt af stjórn Fossa markaða hf. þann 1. október 2020



---

Sigurbjörn Þorkelsson